

AUGLÝSING

71

11. maí

um breyting á hafnarreglugerð Keflavíkurkaupþúns frá 22. janúar 1942.

24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem bátar liggja við bátabryggju, garð eða hafskipabryggju, greiði þeir sem hér segir:

Bátar	að 30 tonn	verg (brúttó)	greiði	kr.	5.35
—	30—60	—	—	—	13.25
—	60—100	—	—	—	25.00
—	100—200	—	—	—	35.00
—	200—450	—	—	—	50.00

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

72

11. maí

um breytingu á vörugjaldi samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 136 16. desember 1938.

Vörugjald samkvæmt 23. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, með allt að 75% viðauka.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 65 8. september 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gengur gjaldhækkunin í gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 76 15. apríl 1940, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

73

13. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

1. gr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu hækka svo sem hér segir:

- Vörugjald af öllum vörum hækki um 100% — hundrað prósent —. Hækkun þessi skal þó ekki ná til kornvöru, kaffi, sykurs, smjörlikis og hráolíu.
- Hafnar- og hafnsögugjöld hækki um 50% — fimmtíu prósent —.

- 73 c. Lestar- og festargjöld hækki um 100% — hundrað prósent —. Hækkun þessi
13. maí skal þó ekki ná til strandferðaskipa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og samkvæmt hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

LEIÐBEININGAR

um símskeytaviðskipti við útlönd.

Hinn 17. maí næstkomandi hefst af nýju beint símskeytasamband við Ameríku. Frá sama tíma eru öll símskeytaviðskipti við útlönd háð skeytaskoðun Bandaríkja-setuliðsins og gilda um þá skeytaskoðun og skeytaviðskiptin við útlönd yfirleitt eftirfarandi ákvæði:

1. Öll skeyti til útlanda, sem afhent eru á landssímastöðina í Reykjavík, skulu vera í 2 samhljóða eintökum.
2. Skeytin eru á ábyrgð sendanda. Þótt skeytum sé veitt móttaka á landssímastöðvunum, tryggir það ekki sendingu þeirra. Þau geta verið stöðvuð eða tafir eða sætt annarri meðferð af skeytaskoðuninni.
3. Allar fyrirspurnir um símskeyti verður sendandi eða móttakandi að stila til póst- og símamálastjórnarinnar og senda næsta umdæmisstjóra.
4. Nafn skeytaviðtakanda, skeytasendanda og annarra manna eða firma, sem nefnd eru í skeytatextanum, svo og allur textinn að öðru leyti, verður að vera nægilega greinilega orðaður fyrir skeytaskoðunina. Að öðrum kosti verða skeytin ekki send.
5. Undirskrift skeyta skal vera greinileg og gefa skýrt til kynna, hver sendandi sé. Skeyti einstaklinga skulu undirrituð fullu nafni og firmu skulu undirrita nægilega greinilega, til þess að auðvelt sé að greina þau frá öðrum firmum með svipuðu heiti. Auk þess ber að skrifa með íslenskri stafsetningu neðst á skeytaeyðublaðið vinstra megin nafn sendanda og heimilisfang, svo og símanúmer, ef nokkurt er.
6. Skeytasendendum er ráðlegt að skrifa neðan á skeytið eða á bakhlið þess eða á sérstakt viðfest fylgiblað, greinilega skýringu á innihaldi skeytisins. Þetta á einkum við skeyti um peningagreiðslur, enda skal þá tilgreint, hver sé greiðandi og hver móttakandi greiðslunnar, svo og hvers vegna greiðslan sé nauðsynleg.